

Brunavarnir burðarvirkja

Í grein 126.2 segir: Um hönnun og útreikninga á burðarvirkjum gilda íslenskir þolhönnunarstaðlar. Annars vegar er heimilt að nota staðla sem byggja á dönsku þolhönnunarstöðlunum með íslenskum sérákvæðum og hins vegar evrópsku forstaðlana um þolhönnun ásamt íslenskum þjóðarskjölum en þá aðeins þegar þau hafa verið gefin út. Einungis má nota annað staðlasettið við hönnun hvers mannvirkis.

Danska staðlasettið

Álag og öryggisstuðla skal reikna skv. ÍST 12:1989 „Álagsforsendur við hönnun mannvirkja“ og

ÍST DS 409:1998 „Öryggi mannvirkja“.

ÍST 14 2002 og DS 411:2002 auk seinni viðauka - Steinsteypuvirki

ÍST DS 412:1998 - Stálvirki.

ÍST DS 413:2003 - Timburvirki

Evrópustaðlar

FS ENV 1995; „Eurocode 5 - Design of timber structures“ fjallar um timburvirki.

Álag og öryggisstuðla skal reikna skv. FS ENV 1991; „Eurocode 1 - Basis of design

FS ENV 1993; „Eurocode 3 - Design of steel structures“ fjallar einnig um stálvirki

FS ENV 1992; „Eurocode 2 - Design of concrete structures“ fjallar einnig um steinsteypuvirki.

Sérhlutar um brunavarnir

Eurocode 1 Part 2-2: Brunahönnun burðarvirkja

Eurocode 2 Part 1-2: Brunahönnun steinsteypuvirkja

Eurocode 3 Part 1-2: Brunahönnun Stálvirkja

Eurocode 5 Part 1-2: Brunahönnun timburvirkja

Þeir hlutar (Part) sem vísað er í hér eru eingöngu hlutar sem tengjast brunahönnun. Eftir sem áður þarf að gera ráð fyrir fleiri álagstilfellum en þau má finna í öðrum hlutum.

Ath. Ekki hægt að nota staðalana fyrir en búið er að semja þjóðarviðauka (National annex). Á meðan eru FS ENV forstaðlarnir í gildi á Íslandi. Sjá meira á heimasíðu staðlaráðs www.stadlar.is.